

Jafnréttisáætlun Tröllaborgar

Jafnréttisáætlun Tröllaborgar á við börn, foreldra og starfsfólk leikskólanna. Hún nær til jafnréttis kynjanna samkvæmt lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Einnig tekur hún mið af Jafnréttisáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar, aðgerðaráætlun í jafnréttismálum 2019-2023 og auk þess tekur hún til annarra skilgreindra hópa sbr. jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar 65 gr. laga nr. 33/1944:

“Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna”.

Mikilvægt að tryggja jafnrétti í víðum skilningi til að hæfileikar allra fái notið sín og leikskólinn njóti þess mannauðs sem býr í hverjum og einum. Lögð er áhersla á að komið sé fram við fólk af virðingu og á uppbyggilegan hátt og lagst gegn hvers konar einelti. Lögð er áhersla á að í Tröllaborg sé unnið gegn viðhorfum sem leitt gætu til aðstöðumunar vegna kyns, kynþáttar, trúarbragða, uppruna, fötlunar og kynhneigðar.

Stefna Tröllaborgar í jafnréttismálum

Megin markmið

- ❖ Að stuðla að jafnrétti kynjanna á sem viðtækustum grunni.
- ❖ Að stuðla að störf flokkist ekki sem sérstök karla- og kvennastörf.
- ❖ Að koma fram við alla starfsmenn, foreldra/forráðamenn og börn af virðingu.
- ❖ Gæta skal jafnréttis í öllu starfi.
- ❖ Lögð er áhersla á góðan staðblæ, sem hvetur til góðra og skapandi verka, þar sem mannauðurinn er nýttur og öll framlög og allar hugmyndir njóta virðingar.

Stefnumótun og áætlanagerð

- ❖ Kynjasambættingar er gætt í stefnumótun og áætlanagerð skólastarfsins með því að:
 - nota sjálfsmatskerfið „Hversu góður er leikskólinn okkar?“ þar sem allir starfsmenn taka þátt í að meta starf leikskólans,
 - vera með rýnihópaviðtöl við börnin,
 - leggja reglulega fyrir foreldra og starfsmenn spurningakönnun Skólapúlsins.

Starfsmenn

- ❖ Gæta skal jafnréttis hvað varðar ábyrgð og þátttöku starfsmanna í starfshópum óháð kyni, kynhneigðar, kynþáttar, trúarbragða, uppruna, fötlunar og aldurs.
- ❖ Greiða skal jöfn laun og tryggja sömu kjör fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf samkvæmt Jafnréttisstefnu Sveitarfélags Skagafjarðar.
- ❖ Tryggt skal að jafnréttissjónarmiða sé gætt við stöðuveitingar og leitast skal við að jafna hlutfall karla og kvenna með því að:
 - Atvinnuauglýsingar skuli að jafnaði vera kynhlutlausar.
- ❖ Lögð er áhersla á að allir starfsmenn geti eflt kunnáttu sína og hæfni með því að:
 - hvetja alla starfsmenn til að sækja námskeið og fræðslu.

Börn

- ❖ Leikefni og viðfangsefni skulu höfða til allra barna með því að:
 - bjóða upp á fjölbreyttan efnivið.
- ❖ Kennsluhættir skulu vera fjölbreyttir með því að:
 - gefa starfsfólki tækifæri til að sækja námskeið af ýmsum toga.
- ❖ Markvisst skal unnið gegn stöðluðum kynímyndum stúlkna og drengja með:
 - jafnréttisfræðslu, sem fram fer í lestrastund, samverustund og hópastarfi.

- ❖ Leik- og kennsluefni er reglulega yfirfarið til að tryggja að þar séu ekki óæskilegar staðalmyndir sem mismuni kynjunum.
- ❖ Markvisst skal unnið gegn viðhorfum sem leitt geta til aðstöðumunar vegna trúarbragða, uppruna, fötlunar og kynhneigðar.
 - Jafnréttisfræðslu, sem fram fer í lestrarstund, samverustund og hópastarfi.

Foreldrar

Litið er á feður og mæður sem jafngild í foreldrasamstarfinu með því að beina samskiptum og orðum bæði til feðra og mæðra, hvort sem þau eru í sambúð eða ekki.

Áreitni, einelti og ofbeldi

Kynferðisleg áreitni, kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og einelti líðst ekki í Tröllaborg og á það við um alla, jafnt börn sem fullorðna. Verði einhver fyrir slíkri framkomu hefur sá hinn sami rétt til að tilkynna háttsemina til leikskólastjóra, viðkomandi deildarstjóra eða öryggistrúnaðarmanns. Í leikskólanum er til áætlun, sem allir starfsmenn eiga að þekkja, um hvernig úrlausn slíkra mála eigi að fara fram. Hvert mál er einstakt og unnið er samkvæmt því.

"Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlæggandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg." (sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 4. töluliður í 2. gr. laga nr. 10/2008).

"Kynbundið ofbeldi: Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu

frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi. ”

(sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 5. töluliður í 2. gr. laga nr. 10/2008).

“ Kynbundin áreitni: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi. ” (sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla 3. töluliður í 2. gr. laga nr. 10/2008).

Í vinnuverndarlögum nr. 46/1980 er getið um að atvinnurekandi skuli tryggja að gætt sé fylsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Undir þessa skilgreiningu laganna fellur einelti. Í handbók um einelti og vináttufærni, forvarnir og viðbrögð, sem Heimili og skóli gáfu út árið 2009 kemur fram.

„Einelti felur í sér meiðandi, neikvæðar athafnir sem sami einstaklingur verður endurtekið fyrir. Gerendur eru einn eða fleiri. Eineltið getur verið í formi líkamlegs ofbeldis og munnlegra athugasemda. Einelti getur einnig verið með óbeinni hætti, svo sem útilokun, höfnun og baktal sem erfitt getur reynst að koma auga á, neteinelti er þar á meðal.“

Starfsmenn

- ❖ Tilkynni starfsmaður kynferðilega áreitni, kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni eða einelti til skólastjóra, öryggisvarðar eða öryggistrúnaðarmanns munu þeir aðilar aðstoða starfsmanninn við að leita réttar síns og sinna úrlausn málsins í samvinnu við þolanda, geranda/gerendur og sérfróða aðila ef þurfa þykir.

Börnin

- ❖ Í upphafi skólagöngu barnsins hefst forvarnarstarf gegn kynferðilegri áreitni, kynbundnu ofbeldi, kynbundnu áreitni og einelti með opnum og jákvæðum samskiptum á milli heimilis og skóla. Áhersla á vináttu



og vinatengsl er mikilvæg. Áhersla leikskólans á uppbyggingu jákvæðrar sjálfsmyndar barns er mikil forvörn því ef barnið hefur sterka sjálfsmynd ætti það að vera betur í stakk búið ef það lendir í eða verður vitni að kynferðilegri áreitni, kynbundnu ofbeldi, kynbundnu áreitni eða einelti.

- ❖ Hlutverk starfsmanna sem fyrirmynd skiptir öllu máli, bæði hvað varðar viðhorf, framkomu og viðbrögð við kynferðilegri áreitni, kynbundnu ofbeldi, kynbundnu áreitni eða einelti. Starfsmenn skulu ávallt vera vakandi fyrir samskiptum barnanna og duldum atvikum sem geta vaxið ef ekki er brugðist fljótt við þeim.
- ❖ Starfsmenn fá reglulega fræðslu um kynferðilega áreitni, kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og einelti.